

Fréttatilkynning

Ársreikningar Vopnafjarðarhrepps A- og B- hluta sjóða fyrir árið 2013 voru lagðir fram til fyrri umræðu á fundi hreppsnefndar í dag 20. mars 2014. Alls samanstanda reikningarnir af 12 sjóðum, sem skiptast í 3 A- hluta sjóði og 9 B- hluta sjóði.

Heildartekjur samstæðunnar allrar voru 824,7 m. kr., en heildarútgjöld hennar þegar tekið hefur verið tillit til afskrifta að fjárhæð 50,2 m. kr., voru 698,6 m.kr.
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var því jákvæð í samstæðunni um 126,2 m.kr.
Þegar aftur á móti tekið hefur verið tillit til niðurstöðu fjármunagjalda, að fjárhæð 18,3 m.kr. í gjöld umfram tekjur kemur í ljós að samstæðan öll var rekin með 107,8 m. kr. hagnaði árið 2013.

Hinn hefðbundni rekstur sveitarfélagsins, þ.e. laun og rekstrargjöld, hækkar um liðlega 27,1 % eða úr 509,9 m. kr. 2012 í 648,3 m.kr. árið 2013. Þessi mikla hækkan skýrist fyrst og fremst af því að sveitarfélagið tók á árinu við rekstri legudeildarinnar að Sundabúð af ríkinu. Kostnaður vegna þess er 125,5 m.kr. þ. a. þegar hann hefur verið dreginn frá hækka almenn rekstrargjöld um 2,5 %. Heildargjöld að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsgjalda/tekna hækka um 20,2 % eða úr 596,3 m.kr. 2012 í 716,8 m.kr. árið 2013. Sé rekstrarkostnaður vegna Sundabúðar, legudeildar dregin frá eru heildargjöld ársins 2013 591,3 m.kr., sem er lækkun um tæplega 1 %.

Í samstæðunni í heild voru greidd niður lán að fjárhæð 50,2 m. kr. á árinu. Í nýjum sveitarstjórnarlögum, sem tóku gildi 1. janúar 2012 er lögð sú lína að hlutfall heildarskulda af tekjum megi ekki fara yfir 150 % og er sveitarfélögum gefinn 10 ára aðlögunartími til þess að ná því marki. Í ársreikningi 2013 er þetta skuldahlutfall 80,1 %. Annað viðmið sem sett hefur verið fram í reglugerð nr. 502/2012 er svokallað skuldaviðmið, sem er 76,0 % í ársreikningi 2013.

Vopnafjarðarhreppur er því vel undir þeim viðmiðum, sem sett eru fram í umgetinni reglugerð hvort heldur horft er til skuldahlutfalls eða skuldaviðmiðs eins og þau eru skilgreind.

Engin ný lán voru tekin á árinu 2013 á móti afborganum lána. Skuldir og skuldbindingar lækka í heild úr 674,9 m. kr. í 660,6 m.kr. eða um 14,3 m. kr.

Í sjóðstreymi samstæðunnar kemur fram að þegar leiðrétt hefur verið fyrir afskriftum, verðbótum -og gengismun, og skuldbindingum er veltufé frá rekstri jákvætt um 177,1 m.kr. og þegar tekið hefur verið til viðbótar tillit til breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum þá er handbært fé frá rekstri jákvætt um 193,4 m.kr., sem er 23,5 % af heildartekjum.

Þetta fjármagn gengur síðan til greiðslu á **fjárfestingum sem reyndust vera 175,7 m. kr.** og afborganum lána og öðrum **fjármögnunarhreyfingum að fjárhæð 57,3 m. kr.**

Að öllu þessu töldu kemur fram að handbært fé lækkar um 39,5 m. kr. og er í árslok 80,5 m.kr. en var í upphafi ársins 120 m. kr.

Vopnafirði 20. mars 2014



VOPNAFJARDAR
HREPPUR

SVEITARSTJÓRINN
VOPNAFIRÐI


Vopnafjarðarhrepps-Ársuppgjör 2013

Ársreikningur Vopnafjarðarhrepps fyrir árið 2013 var lagður fram til fyrri umræðu í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps fímmudaginn 20. mars 2014. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum skal ffalla um ársreikninginn á tveimur fundum í sveitarstjórn, síðari umræða verður um ársreikninginn á hreppsnefndarfundi fímmudaginn 3. apríl nk.

Ársreikningur Vopnafjarðarhrepps árið 2013 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrarreiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til A- hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auch hans Eignasjóð og þjónustumiðstöð. Til B- hluta teljast fjárhagslega sjálfsæð fyrirtæki sem að háfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B- hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Hafnarsjóður, Vatnsveita, Fráveita, Félagslegar íbúðir, Atvinnueflingarsjóður, Legudeildin Sundabúð, Lyfsala, Skipholmi ehf. og Armarvatn ehf.

Ársreikningurinn er getður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 og auglysingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaðferðum og árið áður.



Helstu niðurstöður ársreiknings 2013 eru eftirfarandi:


Vopnafjarðarhrepur, ársuppgjör 2013

Rekstrarreikningur ársins 2012:

Sjóðir í A-hluta

Samantekið A- og B-hluti

	2013 þús. Kr.	2012 þús. Kr.	2013 þús. Kr.	2012
Tekjur:				
Skatttekjur				302.485
Framlafg Jöfnunarsjóðs				148.592
Aðrar tekjur				91.681
Samtals tekjur	545.157	490.207	824.678	668.928
Gjöld:				
Laun og launatengd gjöld	289.308	261.457	405.940	278.378
Annar rekstrarkostnaður	196.844	188.640	242.326	231.522
Samtals gjöld	486.152	450.097	648.266	509.900
Rekstrarniðurstaða (EBITDA)	59.005	40.110	176.412	159.028
Afskriftir	-	29.663	-	50.263
				-
				46.227
				-
				2.012
				2.013



Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði**29.342****13.314****126.149****112.801****Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld****11.624****-****2.706****18.342****-****40.280****Framlög til B-hluta****-****Rekstrarniðurstaða****40.966****10.608****107.807****72.521****Efnahagsreikningur:****Sjóðir í A-hluta****Samantekið A- og B-hluti****31.12.2013****31.12.2012****31.12.2013****31.12.2012**

Fastafljármunir
Veltufjármunir
Eignir samtals

954.769
186.703
1.141.472

781.718
246.842
1.028.560

1.208.346
168.915
1.377.261

1.073.773
200.909
1.274.682

31.12.2013**31.12.2012****31.12.2013****31.12.2012****Eigið té****597.789****547.692****599.722****599.722**

Lífeyrisskuldbinding
Aðrar skuldbindingar
Langtímaskuldir
Skammtímaskuldir
Skuldir og skuldbindingar samtals

54.513
5.152
116.788
367.230
543.683

52.076
12.189
132.346
284.256
480.867

52.076
12.189
483.848
126.846
674.959

52.076
12.189
483.848
126.846
674.959

Eigið fé og skuldir samtals**1.141.472****1.028.559****1.274.681****1.274.681**

Sjóostreymi:

Veltufé frá rekstri	-
Handbært fé frá rekstri	-
Fjárfestingahreyfingar	-
Fjármögnumnarhreyfingar	-
Hækkun(lækkun) handbærs fjár	-
Handbært fé í upphafi árs	-
Handbært fé í lok árs	-

Sjóðir í A-hluta	Samanítekið A- og B-hluti
2013	2012
76.351	48.531
92.068	15.463
193.298	25.717
61.730	25.145
39.500	35.399
119.536	154.935
80.036	119.536



 VOPNAFIRÐI
 SVEITARSTJÓRINN
 VOPNAFIRÐI